



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

10. tbl. 2006, - 16. árg.
Desember 2006

Jólaball FÍL 17. desember 2006

Jólaball Félags Íslendinga í Luxembourg verður haldið þann 17. desember 2006 í Arizona Lounge í Contern. Húsið opnar kl. 14:00 og dansinn hefst kl. 15:00.



Jólasveinar koma með góðgæti í poka fyrir börnin.

Boðið verður upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, kaffi og meðlæti sem félagsmenn koma með að venju.

Kaffiborðið á síðasta jólaballi var stórglæsilegt og gaman að sjá



hversu margbreytilegt góðgæti fólk kom með.

Vinsamleg tilmæli eru til allra fjölskyldna að koma með eitthvað gott með sér á kaffiborðið eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Á borðinu hafa verið til dæmis

kökur, snúðar, múffur, brauð, brauðtertur, pönnukökur, vöffur, og kleinur.

Aðgangur félagsmanna er ókeypis en fyrir utanfélagsfólk er inngangseyrir 10 € fyrir fullorðna og 5 € fyrir börn. Vinsamlegast framvísið félagsskírteinum við innganginn.

Þeir sem ekki hafa fengið félagsskírteini send í pósti fá þau afhent við innganginn.

Stjórnin vonast til þess að sem flestir sjái sér fært að mæta, dansa með börnunum og njóta samvista með löndum sínum hér í Luxembourg.

Stjórnin

Í þessu blaði:

Jólaball FÍL	1
Jólaguðsþjónusta	1
Þorablót FÍL 2007	1
Jólatrén	2
Skemmtigarðar	2
Íslenskt sælgæti	2
Billjós allan daginn	2
Blaklandslíð Íslands	2
New World Theater	2
Leikklúbburinn Spuni	3
Bazar International	3
Sýning Rúnu og fleira	3
Litlu dálkarnir	4

Jólaguðsþjónusta verður 23. desember 2006

Hátíðarguðsþjónusta verður í kirkju Mótmælenda í Luxembourg á Þorláksmessu 23. desember og hefst hún klukkan 14:00.



Sr. Sigurður Arnarson, prédikar og þjónar fyrir altari.

Robin Walker, organisti Íslenska safnaðarins í Lundúnum leikur á orgel og Gísli Magnason, kórstjóri Íslenska kórsins í Lundúnum stjórnar kórsöng.

Öll þau sem hafa tækifæri og vilja syngja með kórnum eru beðin um að koma til æfingar klukkutíma

fyrir guðsþjónustuna.

Kaffi að lokinni guðsþjónustu verður ekki að þessu sinni.

Á næsta ári er fyrirhugað að hafa guðsþjónustur samkvæmt eftirfarandi dagsetningum:

23. mars 2007 kl. 14:00
13. maí 2007 kl. 14:00
7. okt. 2007 kl. 14:00

Kirkjunefndin



Þorablót félagsins verður 10. febrúar á Parc Hotel

Þorablót FÍL verður haldið 10. febrúar 2007 á Alvisse Parc Hotel, 120 route d'Echternach í Dommeldange.

Ákveðið hefur verið að hafa ekki leiguflug frá Íslandi að þessu sinni.

Hótelíð hefur verið að endurnýja bæði herbergi og salernisaðstöðu

og litur nú mun betur út en áður.



Sérstakt tilboð verður á hótélherbergjum fyrir þá sem vilja gista á hótelinu.

Nánari upplýsingar um dagskrá þorablótsins, tilboð um gistingu, miðaverð og þess háttar, verða tilkynntar síðar.

Stjórnin

Á döfni:

- Jólaball FÍL 17. des. 2006
- Guðsþjónusta 23. des. 2006
- Spuni, æfingar hefst
- Blaklandslíð Íslands til Lux
- Íslenskuskólinn eftir áramót
- New World Theater
- Þorablót 10. febrúar 2007

Íslenskuskólinn hefst 16. janúar 2007 í Godbrange og í Internationalskólanum 17. janúar 2007.
Stjórn FÍL



Jólatrén

Sá siður að hafa jólatré uppi við á íslenskum heimilum er ekki mjög gamall ef litið er til annarra þjóða í norðanverðri Evrópu. Þessi siður kom ekki til Íslands fyrr en upp úr miðri níttjándu öld og þá á heimilum danskra kaup- og embættismaða. Þaðan breiddist siðurinn út til landsmanna, en þar sem ekki var um það að velja að hafa grenitré sökum trjáleysis og fátæktar, brugðu menn á það ráð að búa til sín eigin gervijólatré, skreytt lyngi, eini, borðum og kertum.



Hvaðan þessi siður er upprunninn, er ekki vitað með neinni vissu. Þó má finna tengingar við goðsagnir eins og við Ask Yggdrasil úr okkar norrænu goðafræði og lífsins tré eða skilningstréð í aldingarðinum Eden úr sköpunarsögunni. Að auki eru nokkrir siðir, s.s. þeir er tengjast mistilteininum í Englandi, af sama meiði og siðir tengdir jólatrénu eins og við þekkjum þá.

Í augum margra eru engin jól án jólatrés. Sá siður að fjölskyldan fari saman fyrir jólin og velji sér jólatré við hæfi, burðist með það heim, setji upp og skreyti saman er í hugum margra órjúfanlegur þáttur í jólaundirbúningnum. Minniháttar áföll eins og greninár út um allan bíl, seríur sem virka ekki, skraut sem hefur týnst eða skemmt ná ekki einu sinni að varpa skugga á athöfnina.

Það hefur meira að segja spurst út um hina virðulegustu heimilisfeður að angurvær svipur færir yfir þá, og jafnvel að tár bliki á hvarmi, þegar þeir handfjatla jólaskraut og trölladeigs-jólasveina sem þeir bjuggu til í sexarárþekk og æskuminningar tengdar jólnum koma upp í hugann.

Hvað getur enda verið skemmtilegra og fríðsælla en að fjölskyldan sameinist í stofunni við kerta-ljós og ilmandi smákökulykt og skreyti saman jólatréð. Hengi upp allavega litar kúlur, seríur, borða og annað skraut, og reki að lokum smíðshöggið á best skreytta tré í heimi með því að festa jólastjörnunna efst á topp þess.

www.sveinki.is

New World Theater

NEW WORLD THEATER COMPANY in association with the Luxembourg and Greater Region European City of Culture 2007 presents

DREAM 2007

A programme of workshops in acting, dance, music & gymnastics leading to a multi-lingual production of Shakespear's A MIDSUMMER NIGHT'S DREAM

Workshops start in January 2007

For more information see

www.nwtc.lu/dream2007 tel: 26 37 40 64

chris.albrecht@internet.lu

barbara.hall@internet.lu

Skemmtigarðar

Hér á eftir er frekari umfjöllun ritstjóra í eldri tölublöðum Brúarinnar um skemmtigarða fyrir börn (fullorðna reyndar líka) en gæti líka verið hugmynd sem dægrastytting fyrir fjölskyldurnar.

Adventure Park Indian Forest

1a rue du Vieux Marché, Vianden. Hringið vegna opnunartíma. Sími 83 42 571. Vinnslustöðvar (workshops) eru 45 og eftir stutta kynningu er valið á milli mismunandi getustiga. Öryggisfestingar. Hringurinn tekur tvo tíma. Allir aldursflokkar.

La Marché aux Perles

104-106 rue de Bonnevoie. Sími 26 64 98 70. Skartgripagerð í vinnuhópum, mest sex í hóp. Hringið á undan vegna opnunartíma og bókana. Fyrir sjö ára og eldri.

Parc Le H Adventures

Le plus grand parcours d'aventures en foret au Luxembourg, rue du Parc, Dudelange. Hringið í síma 621 50 00 02 vegna opnunartíma. Börn frá fjögurra ára aldri (1,10 m) geta tekið þátt. Ákveðið kerfi eftir aldri og getu. Hringurinn ca tveir tímar. Öryggislinur. www.parclehadventures.com

Parc Merveilleux

Route de Mondorf, Bettembourg. Undragarður. Dýragarður fyrir börn og fullt af skemmtilegum leiktækjum fyrir allan aldur. Sími 51 10 481. www.parcmerveilleux.lu

Ritstjóri

Jólagáta

Hvað er líkt með jólatré og lélegri sauma-manneskju?

Lausn á blaðsíðu 4

Leikklúbburinn Spuni

Spuni er í startholunum fyrir verkefni vetrarins.

Ef einhver hefur áhuga á að vinna með þessum hressa hópi þá endilega hafið samband við einhverja neðangreinda í byrjun janúar.

Það þarf enga reynslu, bara áhuga.

Bryndís, sími 341 882

Stella, sími 357 064

Íris, sími 780 510

Eða senda e-mail á

irishorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Spuna



Ástin og börnin

"Ég hef heyrt að ástin og að verða ástfanginn sé það mikilvægasta í heiminum, en það er líka mikilvægt að Manchester United gangi vell!"

Friðrik, 8 ára

Íslenskt sælgæti

Basarnefndin auglýsir til sölu íslenskt sælgæti. Súkkulaði, lakkrís, karamellur og fleira. Upplýsingar veitir Guðný í síma 661 200 206 og 348 453.

Bílljós allan daginn

The Ministry of Transport vill hvetja alla ökumenn til þess að nota ljósabúnað bifreiða allan sólarhringinn til þess að minnka áhættu á slysum, ekki bara hér í Luxembourg heldur í öllum ríkjum EU.

Tilmælin er tilraun til þess að fækka dauðaslysum í umferðinni. Markmiðið er að reyna að minnka slys í ríkjum EU í 25.000 á ári sem þó er alltof há tala.

Ef reynslan sýnir að möguleiki er á fækkun slysa, þá gæti komið til þess að sett verða lög um ljós allan sólarhringinn.

Fréttatilkynning

Landslið Íslands í blaki til Luxembourgar



La Fédération Luxembourgeoise de Volleyball fagnar 20 ára afmæli sambandsins með NOVOTEL CUP móti dagana 5. - 7. janúar 2007.

Landslið Íslands mun taka þátt í mótinu og hvernig væri nú að mæta og hvetja sitt fólk? Þetta eru landar okkar í heimsókn og við hljótum að geta séð af tíma okkar til að hvetja þá til dáða!

Föstudaginn 5. janúar 2007

14:00	Portugal - Danemark	Kvennalið
16:00	Chypre - Estonie	Karlalið
18:00	Luxembourg - Islande	Kvennalið
20:00	Luxembourg - Suéde	Karlalið

Laugardaginn 6. janúar 2007

13:30	Suéde - Chypre	Karlalið
15:30	Islandi - Portugal	Kvennalið
18:00	Luxembourg - Estonie	Karlalið
20:30	Luxembourg - Danemark	Kvennalið

Sunnudagur 7. janúar 2007

12:00	Islande - Danemark	Kvennalið
14:00	Suéde - Estonie	Karlalið
16:00	Luxembourg - Chypre	Karlalið
18:00	Luxembourg - Portugal	Kvennalið



Nánari upplýsingar: FLVB

Tél: +352 48 41 86

Fax: +352 48 41 81

E-mail: ticket@flvb.lu

Site: www.flvb.lu



Ráðagóðahornið

Blettir á leirmunum

Auðvelt er að ná blettum af leirmunum sem myndast hafa eftir te með því að nudda þá með grófu salti.

Fitublettir á leðri

Fitublettir á leðri nást af með því að bera á þá þeytta eggjahvítu sem síðan er þurrkuð af með hreinum klúti.

Fitublettir á veggfóðri

Ef fitublettur kemur á veggfóður sem ekki má þvo er hann nuddaður með töflukrít. Eftir einn sólarhring er krítin burstuð af og bletturinn væntanlega horfinn. Reynið þessa aðferð líka við fitubletti í kjólum og blússum með því að kríta yfir blettina á röngunni. Krítin dregur í sig fituna. Endurtakið ef bletturinn hverfur ekki strax.

Blettir á borði

Ef heitur vökvi skvettist á lakkaða borðplötu má nudda blettinn með fægilegi fyrir kopar (Brasso) og hann svo nuddaður af með hreinum þurrum klúti. Síðan er borðið þússað með venjulegu bóni.

Ritstjóri

Myndlistarsýning Rúnu



Myndlistarsýning Guðrúnar Benediktu Elíasdóttur "Rúnu" sem ber heitið "Mannleg náttúra / Human nature" opnaði þann 9.

nóvember síðastliðinn og stendur til 22. desember.

Mörg verk eru á sýningunni og eru þau unnin bæði hér í Luxembourg, á Íslandi og í Frakklandi með mismunandi aðferðum sem vert er að skoða enda nógur tími til stefnu, sýningunni lýkur sem áður sagði þann 22. desember. Glæsileg sýning.



Ritstjóri

Vefaðgangur opinn öllum

Á degi íslenskrar tungu, opnaði menntamálaráðherra Íslands, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, vefaðgang, opinn öllum, að nýlegu riti Bókmenntafélagsins, Tölvuorðasafni - íslensk/ensku - ensk/íslensku, sem orðanefnd Skýrslutækni félags Íslands annaðist ritstjórn á.

Ritið kom út á síðasta ári í 4. útgáfu, verulega aukinni og bætti frá fyrri útgáfu. Hin rafræna útgáfa er vistuð á vef Skýrslutækni félagsins, www.sky.is

Fréttatilkynning Mbl 20.11.2006

Heimilishornið

Pörusteik

1 1/2 kg mögur svínasíða (pörusteik)
Maldon sjávarsalt og pipar
1/2 ltr kryddsoð
1 msk sojasósa
1 1/2 msk hveiti
10 gr smjör

Aðferð

Skerið með 1/2 cm millibili í steikina og leggið í ofnfast fat eða pott með fitunni niður. Látið vatn yfir og sjóðið í 20 mínútur.

Setjið svo steikina á rist. Nuddið svo Maldon sjávarsalti á steikina og kryddið með pipar. Eldið í ofni við 220°C í 20. mínútur, lækkið svo niður í 180°C bætið í kryddsoði og sojasósu.

Bakið áfram í 1 1/2 tíma, oft er gott að setja grillið í botn á lokamínúturnum. Hellið soðinu af, fleytið af mestu fitunni og þykkið með smjörinu og hveitinu (sem hefur verið hrært saman í potti).

Framreiðið með heimalögðuðu rauðkáli og kartöflum. Fyrir 5 - 6 manns.

Kryddsoð

1 stk laukur
1 stk gulrót
1 stk hvítlaukur
1 ltr vatn
100 ml ólífuoía
10 kóriander fræ
5 piparkorn
2 stk negull
1 lárviðarlauf

Aðferð

Grænmetið er léttsteikt, vatni er bætt í, látið sjóða í eina klukkustund og sigtað fyrir notkun.

Rauðkál

25 gr smjör
4 msk rífsberjagel (sulta)
2 tsk balsamic edik
1 tsk maldon sjávarsalt
500 gr fínsaxað rauðkál

Aðferð

Bætið öllu nema rauðkálínu í pott. Þegar smjórið og rífsberjagel (sulta) er brætt, bætið þá í rauðkálínu, eldið með loki í 15 mínútur. Hækkið svo hitann og takið lokið af, látið rauðkálið steikjast í 3 mínútur og smakkið til. Gott er að bæta við eplum í teningum þegar 2 mínútur eru eftir af elduninni.

Hagkaup, Gunnar Kr. yfirmatr.m á Grillinu

Ástin og börnin

"Æ, hættu að spyrja mig að þessu með ástina, ég fæ hausverk..... ég er bara krakki og ég þarf enga ástina."

Ragnar 7 ára

Bazar International



Basar International var helgina 2. - 3. desember og heppnaðist vel í ár. Eins og undanfarin ár þá seldist mikið af rúgbrauði, sælgæti, fleese-og ullarvörum.

Basarnefndin vil þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við að gera þetta mögulegt. Sérstakar þakkar til allra kvennanna sem bökuðu þessi góðu rúgbrauð, smurðu rúgbrauð með laxi, smurðu snittubrauð svo og fólksins sem stóð í afgreiðslunni. Þá má ekki gleyma þeim sem sáu um uppsetningu á basarstandinum sjálfum og frágangi.



Allur ágóði af sölu basarvarnings verður gefinn til góðgerðarmála. Í ár ákvað aðalstjórn Bazar International að ágóðinn skuli renna til leitar af drykkjarvatni í Afríku.

Basarnefndin vil vekja athygli á því að hvert land getur óskað eftir því, að hluti ágóða verði gefinn til góðgerðarmála viðkomandi lands, Íslands í þessu tilviki.

Því er einlæg ósk nefndarinnar að tillögur komi frá félagsmönnum FÍL eða öðrum þeim sem í Luxembourg búa að tilfærna góðgerðarfélag á Íslandi sem gott væri að styrkja.

Áhugasamir hafi samband við Basarnefnd sem tilnefnd er hér á bls. 4.

Skila skal inn umsókn um styrk til Bazar International fyrir lok febrúar 2007.

Basarnefndin

Jóla kortalistinn

Á vefnum www.postur.is (veljið svo; Leit að heimilisfangi) er að finna nýjustu heimilisföng vina og vandamanna sem uppferast sjálfkrafa eftir að þú hefur búið til heimilisfangalista til dæmis vegna jóla korta.

Auglýsing frá www.postur.is

Brandarahornið

- Þú minnst mig á kvikmyndastjórnunni, sagði hún við hann.

- Nú, á hvern? spurði hann upp með sér.

- Mikka mús!

Viðföri Netverjinn



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	2670 1540,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	2694 5006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 275 779	edk3@hi.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183
Sigurður Kristinsson		787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Bazar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu Íslenskar dagbækur

Björg Gunnsteinsdóttir hefur að venju til sölu góðar íslenskar dagbækur, nú fyrir árið 2007. Upplýsingar í sínum 787 312 og 691 654 617.

Íslenskur fiskur o.fl.

Íslenskur fiskur og fullt af íslensku hráefni. Spyrjist fyrir og pantið hjá lcekost.

Netfang: icekost@t-online.de og síminn er +49 178 9055 862.

Pels

Æðislegur pels til sölu. Eigandi flytur til heitari lands og vill selja sumar eigur sínar.

Mahogany Mink pelsinn er metinn á 9.000 € á pappírnum sem fylgja, hann er brúnn, síður og sérlega léttur. Tilboð 2.000 € og húfa fylgir með. Sjón er sögu rikari. Upplýsingar veittar í síma 455 721.

Geisladiskur Þórunnar Egils

Þórunn Egils hefur gefið út nýjan geisladisk "The Moment In Between" sem inniheldur ellefu lög. Sérstakt verð til Íslendinga. Upplýsingar veittar í síma 691 637 888.

Símanúmerabreyting

Munið símanúmerabreytinguna í Luxembourg, öll Gsm númer munu breytast í 621, 661 eða 691 frá 1. febrúar 2007.

Símaskrá

Breytingar

Kolbrún Brynjarsdóttir
Val Weidert
17 um Bél
L-7653 HEFFINGEN
Sími 26 870 165

Tilkynningar

Opið eftir breytingar
Sundlaugin í Bonnevoie er nú opin. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 47 963 471.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Símaskrá FÍL á netið

Frestur félagsmanna til að gera athugasemdir við að símaskrá FÍL birtist á netinu, www.islandus.net, rann út þann 1. desember.

Fæðingar

Ragnhildur Guðmundsdóttir og Ingi Karl Ingólfsson eignuðust soninn Ingólf Gauta þann 22. nóvember. Hann var 16 merkur og 52 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Áhugaverðar heimasíður Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.luxembourgticket.lu
www.poppconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Belgia

www.sportpaleis.be
www.botanique.be
www.forestnational.be
www.ancienne-belgique.be

Viðar

www.dohop.com
www.easybycoach.com

Lausn á jólagátu á bls. 2
"Þau missa bæði nálarnar".

Munið eftir að kíkja á
www.islandus.net

**Ritstjóri óskar öllum
gleðilegra jóla og farsæls
komandi árs.**

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;

"Eitt sinn skal hver fæðast."